

Jólatré úr könglum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Nemendur vinni með efnivið skógarins og kynnist barrtrjám.

Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Náttúrufræði, smíði og myndmennt.

Aldur: Öll aldursstig.



VERKLÝSING

Farið í leiðangur í skógin og lærið að þekkja furu- og grenitré.

Safnið könglum af furu- og grenitrjám. Þegar heim er komið er könglunum dreift á hlýjum stað, gjarnan á dagblaði eða öðrum pappír. Könglarnir opnast þegar þeir þorna.

Gott er að nota tækifærið til að fjalla um að könglar eru æxlunarfæri barrtrjáa og að fræin sitji inni á milli hreisturblaðanna. Fræin hafa vængi svo að þau geti svifið þegar könglarnir opnast í þurrviðri. Könglar eru einnig fæðuuppspretta músa og fugla sem éta fræin.

Ef köngullinn getur ekki staðið sjálfur er hægt að setja leir eða lím undir hann. Einnig má líma hann á tréplatta.

Berið glimmerlím eða málningu á endana á könglunum, eftir því sem við á.

Klippað stjörnu(r) úr málmpappír eða notið tilbúna glimmerstjörnur og festið með límdropa í toppinn og víðar á tréð eftir smekk hvers og eins.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Könglar, sneið úr birki, glimmerlím í túpu, leir, lím, málmpappír eða tilbúna glimmerstjörnur og jafnvel málning eftir því hvað við á.

Hægt er að vinna verkefnið á mismunandi hátt, hvort sem sett er eitt tré (köngull) á plattann, trjáþyrping eða skógur. Bæði er hægt að vinna með liti og mála könglana í grænu og hvítu (snjór) eða skreyta með glimmer og skrauti.

Heimild: skoleniskoven.dk